

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS



g

GÚTTÓ ehf
Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

OG

JARÐAR

Yndislegt að verða amma svona ung

„Svo urðu húfurnar mínar til og eitt leiddi af öðru. Og hér er ég í dag, með saumaverkstæði, netverslun og hannyrðaverslun ásamt góðri vinkonu. Lífið er dásamlegt.“ Í viðtali vikunnar segir Halldóra Björk Norðdahl á Ísafirði m.a. frá því hvernig það var að verða bráðung amma eða aðeins 34 ára.



— sjá bls. 8-11.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 30. október 2014 · 43. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Bangsadagur á bókasafninu

**HÁGÆÐA
VERKFÆRI FRÁ**

KRAFTWERK



SMÍÐJAN

VERSLUN SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

— NYTT Á SUBWAY —

Elskaðu spínat

— GRÆNA BYLTINGIN —

Nú getur þú sett spínat
á bátinn þinn - frítt

Spínat er
á boðstólum
í takmarkaðum
tíma



SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á **eBOX.IS**



eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

→ → → → → → →

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskipa á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

Tíðarfarið tófunni erfitt á Hornströndum

Margt er líkt með aðstæðum í friðlandinu á Hornströndum í ár og aðstæðum á áttunda áratugnum þegar refastofninn var í mikilli lægð. Í ár hefur orðið hrun í stofninum í friðlandinu. Ester Rut Unnsteinsdóttir, stofnvistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, hefur farið á Hornstrandir í 16 ár að fylgjast með refum og telja greni og hún hefur aldrei áður fundið eins mörg dauð dýr. „Í veiðiskýrslum frá áttunda áratugnum finna grenjaskyttur tvö dauð dýr eitt vorið sem þótti merkilegt, en ég fann 10 dauð

dýr. Það er margt líkt aðstæðum nú og þá. Veturinn var mjög snjóþungur og það leysti seint og greni lengi að koma upp úr snjó og þau mjög blaut sem er slæmt fyrir refinn,“ segir Ester Rut.

Hún bendir einnig á að sumarið hafi ekki verið mjög hagstætt. „En mest snýst þetta held ég um fæðu. Refurinn er heimskautadýr og ætti að þola erfiða veðráttu. Það var mikill fugl í björgunum í sjónum í vor en hann var fljótur að fara sem gefur vísbendingu um að varpárangur hafi ekki verið mikill,“ segir hún. Ester skoðaði

47 greni í sumar og einungis fjórðungur var í ábúð og mikill yrðlingadauði. „Ég sá mjög vanærða yrðlinga og fá fuglahræ við grenin, mun minna en sést venjulega og það gefur til kynna að fæðuframboðið hafi verið lítið,“ segir hún.

Tvö dýr sem hún fann báru merki þess að þau hefðu drepist í snjóflóði. Veiðiskýrslurnar sem Ester Rut styðst við eru frá töfuskyttunum Ragnari Jakobssyni, Jóni Oddssyni og Sigurjóni Hallgrímssyni. Á áttunda áratugnum áttu veiðimenn þeir óhægt um



vik að vinna greni þar sem læður gutu seint eða ekki og dauð dýr fundust að vorlagi. Á þeim tíma fór stofninn í 1.000 dýr á landinu

öllu sem er sögulegt lágmark. Stofninn hefur verið á uppleið allt þar til nú.

– smari@bb.is

Neita ásökunum um fjárkúgun

Átján starfsmenn útgerðarfyrirtækisins Jakobs Valgeirs í Bolungarvík hafa undirritað yfirlýsingu þess efnis, að þeir hafi ekki orðið fyrir fjárkúgun af hálfu verkstjóra hjá fyrirtækinu. Þetta kemur fram á ruv.is. Lögreglan á Vestfjörðum hefur rannsakað málið í næstum ár. Fyrir um ári barst lögreglunni á Vestfjörðum bréf þar sem pólskur verkstjóri hjá útgerðarfyrirtækinu Jakob Valgeir ehf. í Bolungarvík var sakaður um lögbrot. Verkstjórinn

var sagður hafa tekið eitt þúsund evrur, um 150 þúsund íslenskra króna, af öðrum Pólverjum sem hann hafði milligöngu um að útvega vinnu. Í bréfinu eru birt nöfn um tuttugu Pólverja sem sagðir eru hafa greitt verkstjóranum þessa fjárhæð.

Lögreglan á Vestfjörðum hefur nú haft málið til rannsóknar í hátt í ár. Hlynur Hafberg Snorrason, yfirlögreluþjónn á Vestfjörðum, segir í samtali við RÚV að nokkrir hefðu verið yfirheyrðir

vegna málsins. Rannsóknin, sem sé umfangsmikil, sé í fullum gangi. Mögulega tengist fleiri en einn aðili málinu. Meðal annars sé rannsakað hvort fjársvik eða fjárkúgun hafi átt sér stað. Hlynur vildi að öðru leyti ekkert tjá sig um málið.

Almar Þór Möller, lögmaður Jakobs Valgeirs ehf. og verkstjórans sem um ræðir, segist furða sig á vinnubrögðum lögreglu. Rannsókn málsins hafi tekið alltof langan tíma, og verk-

stjórinn hafi ekki enn verið yfirheyrður. Þá hafi hann ekki réttarstöðu grunaðs manns í málinu. Þá bendir Almar á að 18 pólskir starfsmenn fyrirtækisins, sem allir voru nafngreindir í bréfinu hafi undirritað yfirlýsingu þess

efnis að þeir hafi ekki greitt verkstjóranum í tengslum við ráðningu þeirra hjá fyrirtækinu. Almar segir að lögreglan hafi fengið yfirlýsingarnar sendar fyrir um ári síðan.

– bb@bb.is

Áformar setja upp vindmyllur við Þverfjall

Orkuvinnslan ehf. áformar að setja upp tvær vindmyllur við Þverfjall á Breiðadalsheiði. Framleiðslugeta hvorrar vindmyllu er 900 kW og haf spaðanna 44 metrar. Aðalsteinn Bjarnason, eigandi Orkuvinnslunnar, segir að eins og er sé orkuverð ekki nógu hátt til að orkuframleiðsla með vindmyllum beri sig en hann á von á því að orkuverð hækki í framtíðinni og jafnvel nokkuð fljótlega. „Ég ætla að vera tilbúinn með skipulagsmál gangi spár um hækkingu orkuverð eftir,“ segir Aðalsteinn.

Vindmyllurnar verða í skarðinu við Þverfjall þar sem gamli þjóðvegurinn um Breiðadalsheiði liggur. Ísafjarðarbær vinnur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og eru vindmyllurnar meðal þeirra atriða sem á að setja inn á skipulag. Aðalsteinn segir að vindmyllur í dag þoli aftakaveður og þær gerðir sem hann hefur skoðað séu með afþvingunum. Orkuvinnslan rekur virkjun í Breiðadal í Öndarfirði og eru tvö ár síðan hún var gangsett. Þverfjall er eitt mesta veðravíti landsins.

Skotvopn í lögreglubílum á Vestfjörðum

Skotvopn eru í bílum lögreglunnar á Vestfjörðum. Þetta staðfestir Hlynur Snorrason yfirlögreluþjónn. Þetta gildir um allar starfsstöðvar í umdæminu en þær eru á Ísafirði, Hólmavík og Patreksfirði. Skotvopn lögreglunnar komust í hámaði í síðustu viku þegar DV ljóstraði upp um 150 vélbyssur sem ríkislögreglustjóri hefur fengið frá Noregi. Í Fréttablaðinu segir Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður og lögreglustjóri á Vestfjörðum, vopnin séu í öllum lögreglubílum embættisins.

Hann segir það hafa verið ákveðið að setja vopn í bílana af

öryggissjónarmiðum þar sem fjarlægðir í umdæminu séu miklar og viðbragstími sersveitarinnar langur komi upp alvarleg atvik í umdæmnu. Lögreglumenn hér fá markvissa og stöðuga þjálfun í notkun skotvopna,“ segir Úlfar.

Almenna reglan hjá lögreglunni á Íslandi er að skotvopn séu ekki í lögreglubílum heldur eru þau geymd á lögreglustöðvum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er t.d. ekki með skotvopn í lögreglubílum. Lögreglustjórum hvers embættis er í sjálfsvald sett að ákveða hvort lögreglubílar skuli vera búnir skotvopnum.



*Þegar andlát
ber að höndum*

Útfararþjónusta Ingibjargar
á norðanverðum Vestfjörðum



Önnumst alla þjónustu vegna útfarar:

- > Sálmaskrá
- > Kistulagning
- > Blóm og kransar
- > Erfidrykkja o.fl.

Upplýsingar í síma 894 2280 / 456 7119 eða trod@simnet.is

Vesturheimur

með Agli Helgasyni á slóðum
Íslendinga í Kanada
6.-17. ágúst 2015



Nánar á urvalutsyn.is/kanada





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfur götu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Sæbjörg Freyja Gísladóttir, 843 0077, sfg@bb.is
Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Gústaf Gústafsson Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Auglýsingar: Litróf ehf.
Prentvinnsla: 2.200 eintök
Upplag: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Dreifing: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Stafræn útgáfa: Á ferð um Vestfirði
Önnur útgáfa: ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöndum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Meira af svo góðu

Ástæða er til að fagna viðurkenningunni til mjólkurvinnslufyrirtækisins Örn ehf. í Bolungarvík; Fjöreggi Matvæla- og næringar-fræðafélags Íslands (MNÍ) 2014, en Arna ehf. var eitt af fimm fyrirtækjum, sem tilnefnd voru til viðurkenningar, að þessu sinni.

Í greinargerð fyrir forsendu valsins sagði: „Tilnefnt er fyrir framleiðslu á laktósafríum mjólkurafurðum og með því koma til móts við þarfir neytenda með mjólkuróþol eða kjósa laktósafrítt mataræði. Arna er vaxandi fyrirtæki með starfsstöð sína á Vestfirðum og sækir hræfni úr nærumhverfi sínu. Vörur fyrirtækisins eru í smekklega hönnuðum umbúðum og fáanlegar um land allt.“ Arna ehf. er enn að slíta barnsskónum, hóf starfsemi í ágúst í fyrra, eitt af fáum fyrirtækjum utan vébanda MS og hefur þá sérstöðu að framleiða aðeins laktósafríar vörur; nokkuð sem lítil áhugi virtist fyrir hjá ríkjandi markaðsaðilum, fyrr en ljóst var hvert stefndi í Bolungarvík eftir lokun Mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði.

Óneitanlega felst mikil viðurkenning í vali MNÍ á Örn ehf., fyrir dugnað og áræði allra þeirra, sem þar hafa komið að verki. En það má einnig líta viðurkenninguna öðrum augum; sem ábendingu til Vestfirðinga um samstöðu til sóknar góðra verka og varðstöðu fyrir því sem áunnist hefur. Horft til baka, hvort heldur er um áratugi eða aldir, ætti Vestfirðingum öðrum fremur að vera ljós sannindin sem felast í, að sameinaðir stöndum vér, en sundraðir föllum vér.

Skref sem verður að stíga

Áreiðanlega hefur mörgum brugðið illilega við áhorf á Kastljós RUV fyrir nokkru. Framsetning sexmenninganna, sem með einum eða öðrum hætti tengjast heilbrigðisgeiranum, á vinnuáðstöðunni á Landspítalanum, var ógnvekjandi. Öll voru þau þó hófsöm og trúverðug í málflutningi sínum.

Hverju getum við átt von á? Lækna verkfall, hið fyrsta, staðreynd! Bíðum við ekki öll eftir samstöðu Alþingis til varanlegra úrbóta: STRAX.

Nokkur eining virðist um að bygging nýs spítala sé eitt fyrsta skrefið til endurreisnar heilbrigðiskerfinu um land allt. Eftir því er beðið. s.h.

Spurning vikunnar

Lætur þú fé af hendi rakna til góðgerðarmála?

Alls svöruðu 431.

Já sögðu 363 eða 84%

Nei sögðu 68 eða 16%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Einhverju verður sleppt úr stúdentsprófinu

Undirbúningur á styttingu á námi til stúdentsprófs við Menntaskólann á Ísafirði er langt kominn. Fyrir stuttu sendi menntamálaráðuneytið stjórnendum í framhaldsskólum bréf þar sem fram kom að skólarir fái frest til 1. mars til að skila umsóknum um námskrár til ráðuneytisins sem þarf að staðfesta þær. „Þetta er búið að vera í farvatninu í töluverðan tíma og ekki ný tíðindi. Einhverjir nemar við MÍ hafa lokið námi á þremur árum,“ segir Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari MÍ. Hann segir að breytingin hafi mikil áhrif á skóla á landsbyggðinni. „Það mun fækka í skólunum en sú fækkun kemur ekki fram strax. Á höfuðborgarsvæðinu eru skólarnir yfirfullir þannig að ástandið þar er annað


en á landsbyggðinni,“ segir hann.

Námið til stúdentsprófs verður stytta um fjórðung og því er eðlilegt að spyrja, hverju verður sleppt? „Einhverju verður sleppt eða fært til. Það er skörun við grunnskólana og eitthvað er hægt að færa niður í grunnskólana. En það verður einhverju sleppt, það er alveg ljóst,“ segir Jón Reynir og bætir við að skólaárið verður lengt um viku vegna styttingarinnar. Annað sem hefur komið fram að er nemar eldri en 25 ára fái ekki lengur aðgang að framhaldsskólum og þeim verði beint til fullorðinsfræðslunnar. „Ég átta mig ekki á hvað er fengið með því. Það þarf að gera breytingu á símenntun svo hún fái stöðu framhaldsskólamenntunnar og ég velti því fyrir mér hvort

menn ætli að vera með tvö framhaldsskólakerfi. Ef það er bara horft í kostnaðinn þá myndi ég halda að það væri ódýrara að vera með þennan litla hóp eldri nemenda í framhaldsskólunum þar sem allt er til staðar,“ segir Jón Reynir.

Hann er sammála því sem hefur komið fram hjá Illuga Gunnarssyni, menntamálaráðherra, að Íslendingar séu of lengi að klára nám. „En hvort það sé lausnin að loka á einn hóp. Ég ætla að leyfa mér að skilja þetta ekki. Við erum til dæmis með 40 skipstjórnarnema við MÍ sem allt eru fullorðnir menn, verður okkur þá ekki heimilt að bjóða upp á þetta nám,“ spyr Jón Reynir Sigurvinsson, skólameistari MÍ.

– smari@bb.is



Þessir yrðlingar kíktu í dyragættina hjá Jóni Björnssyni í Hornvík. Ljós. Jón Björnsson.

Refurinn skapar tekjur

Töluverður fjöldi refa er á Hornströndum og mörg greni í Hornvík. Þar hafa refir óðul og eitt þeirra nær yfir tjaldsvæðið á staðnum. Refafjölskyldan sem á óðal þar flakkar á milli fimm eða sex grenja en eitt þeirra er á miðju tjaldstaðinu. Sum refagreni eru notuð í mörg ár og kynslóð fram af kynslóð. Grenin eru venjulegar langir gangar og stundum meira en tugir metra á lengd. Venjulega hafa þau mörg útgönguop svo erfitt getur verið að sitja fyrir þeim. Jón Björnsson landvörður í Hornvík náði skemmtilegri mynd af fjórum yrðlingum sem gægðust í dyragættina.

„Þegar líður á sumarið verða yrðlingarnir mannelskir og mjög

gæfir,“ segir Jón. Hann segir enn fremur að refirnir séu bæði forvitnir og uppátektarsamir og ættu það til að flandra á milli tjalda og sníkja mat. Hinsvegar væri passað upp á að vera ekki að fódra þá. „Þetta var nú bara óvænt atvik að þeir komu á pallinn og þeir ætluðu kannski ekki að kíkja í kaffi. Ég rétt náði að smella af áður en þeir hlupu aftur í burtu,“ segir Jón.

Margir eru ósáttir við tófuna enda getur hún verið skaðvaldur þar sem hún kemst í æðarvarp eða fé. Töluverður fjöldi erlendra ferðamanna kemur þó gagnert á Hornstrandir til þess að sjá refinn og sumsstaðar er boðið upp á refaskoðunarferðir. Margir gera sér ekki grein fyrir þessu eins og

Jón bendir á. „Hingað kemur til dæmis göngufólk sem er spennt fyrir að sjá refi og hann er ein ástæða þess að erlendir ljósmyndarar sækja hingað. Ég hef séð mjög margar fallegar myndir af refum frá þeim en það er karakter í þessum dýrum eins og sést á myndinni, þar sem fremsti yrðlingurinn er hér um bil tilbúinn að stíla sér upp. Refurinn skapar tekjur hérna á svæðinu með því að vera sýnilegur, við reynum ekki að hæna hann að okkur en finnst ágætt að hafa hann. Þeir verða gæfir þegar líður á sumarið og eiga það jafnvel til að liggja fyrir framan tjöld og njóta sín, þeir líta bara á okkur sem stóra refi,“ segir Jón.

TÆKIFAERI TIL AÐ EIGNAST JEPPA

ERUM MEÐ NOKKRA
DACIA DUSTER DÍSIL

ÁRGERÐ 2013 Á TILBOÐI

Eldsneytisnotkun frá 5,3 l/100 km*

Fjór hjóladrífur, ríkulega búinir
og beinskiptir með extra lágu gír.

Yfirfarnir af umboði
og í verksmiðjuábyrgð.



**Verð frá
2.780 þús. kr.**

Tökum notaða bíla upp í.

Dacia bílar eru framleiddir af Renault og Nissan í Evrópu.


bílaLand

Upplýsingar um bílana veita sölumenn Bílatanga
í síma 456 3800 / btangi@snerpa.is

ENNEEM / S/A / NM65135 / *Móðir vó uppgjafir tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum alstri



Óli Reynir Ingimarsson, Sigurlaugur Baldursson og Guðmundur Haukur Sigurlaugsson fyrir framan bílinn sem flutti rafalinn.



57 skip koma næsta sumar

Hvorki meira né minna en 57 skemmtiferðaskip koma til Ísafjarðarbæjar næsta sumar. 54 skipakomur verða á Ísafirði og þrjú skip koma til Flateyrar. Alls rúma skipin ríflega 56 þúsund manns.

MSC Splendida kemur tvisvar til, en stærra skemmtiferðaskip hefur ekki komið áður til Ísafjarðar. Fjöldi skemmtiferðaskipa sem koma til Ísafjarðar hefur meira en tvöfaldast á átta árum og farþegafjöldinn margfaldast. Sumarið 2006 komu 22 skip og farþegafjöldi var 14 þúsund.

Heiðraði minningu afa síns

Sigurlaugur Baldursson, bílstjóri á Ísafirði, flutti á föstudag rafal í nýja virkjun Orkubús Vestfjarða að Fossum í Engidal. Það væri ekki í frásögur færandi nema fyrir það að í nóvember árið 1936 flutti afi hans, Ingimar Ólason, rafal í nýbyggða Fossavatnsvirkjun. Eins og sést á meðfylgjandi mynd var talsvert meira mál að flytja rafal frá Eyrinni inn í Engidal fyrir 78 árum. Rafallinn var dreginn á snjó af belta-vél og tók ferðalagið tvo daga.

„Ég geri nú ráð fyrir að ég verði eitthvað fljótari,“ sagði Sigurlaugur áður en hann lagði í hann frá Hafnarstræti. Hann og Óli Reynir Ingimarsson, sonur Ingimars bílstjóra, stilltu sér upp í Hafnarstræti á sama stað og myndin var tekin fyrir 78 árum ásamt Guðmundi Hauki syni Sigurlaugs. Á gömlu myndinni er einnig Óli Guðmundsson, kallaður Óli sterki, faðir Ingimars og afi Óla Reynis, en Óli Reynir heitir í höfuðið á honum. „Ég vil

heiðra minningu afa með þessu. Hann var bílstjóri á Ísafirði í áratugi, bæði á vörubílum, kranabílum og leigubílum. Í þá daga voru bílstjórar alltaf með bílstjórakúfu og ég er með bílstjórakúfuna hans afa í dag,“ segir Sigurlaugur. Rafallinn sem var fluttur í dag er 1.200 kW en sá sem Ingimar flutti í Fossavatnsvirkjun 1936 var 750 kW. Gamli rafallinn er enn í notkun í virkjuninni og verður það að teljast góð ending. – smari@bb.is



Ingimar á situr á beltavélinni. Óli vinstra megin á myndinni í gráum frakka með svarta húfu.

Breyting á deiliskipulagi fyrir snjóflóðavarnir við Búðargil

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 22. september 2014 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir snjóflóðavarnir við Búðargil skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að skipulagsmörk hliðrast til og svæðið minnkar um 2000 m². Mörkin færast meðfram veginum, ofan við Lönguhlíð 7-12. Bílastæði og dvalarsvæði falla niður. Stærð svæðisins eftir breytingu er 7,8 ha.



Breytingartillagan verður til sýnis á tæknideild Vesturbyggðar að Aðalstræti 75 frá og með þriðjudeginum 28. október til 10. desember 2014. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 10. desember 2014. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63.

Vesturbyggð, 28. október 2014.
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.



Frændurnir Sigurlaugur Baldursson og Óli Reynir Ingimarsson með myndina hér að ofan.



EUROSHOPPER FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR 900g



1498 KR.



25% afsláttur við kassa
Verð áður 79 kr.ds.



BONUS EKKERT BRUÐL

Verðtilboðin í þessari augl.
gilda til 2.nóv. 2014
Verðtilboðin í þessari augl.
gilda til 2.nóv. 2014

AFGREIÐSLUTÍMI
FIMMTUDAGUR
11:00-18:30

mi í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Yndislegt að verða amma svona ung

Halldóra Björk Norðdahl saumakona Dórukots. Þannig er hún titluð í símaskránni. Dóra sem fyrirtækið Dórukot er kennt við býr ásamt fjölskyldu sinni í Sönderborgarhúsinu svokallaða á Ísafirði, Aðalstræti 12, skáhallt á móti Edinborgarhúsinu. Þetta er elsta húsið í Miðkaupstaðnum á Ísafirði og eitt af elstu húsum bæjarins, byggt árið 1816 og þannig rétt að verða 200 ára. Kaupmenn frá Sönderborg á Jótlandi byggðu þetta hús, sem er með hinu danska formi þess tíma, lágum veggjum og háu risi.

„Besta hús í heimi,“ segir Dóra Björk. „Það datt í hendurnar á mér og hentaði svo fullkomlega fyrir mig og börnin mín þrjú og daggæsluna. Það er soldið spes að búa í húsi sem hefur verið til svo mikið lengur en allir sem maður þekkir, og á jafnvel eftir að standa mun lengur en allir sem maður á eftir að kynnst.“

Foreldrar Halldóru Bjarkar eru Herdís Hübner og Hrafn M. Norðdahl, sem hafa alið allan sinn aldur á Ísafirði og búa við Sundstrætið. Sjálf er hún rétt skriðin yfir fertugt en löngu búin að gera foreldra sína að langafa og langömmu.

„Langt fyrir aldur fram,“ eins og hún segir.

Eiga barnabörnin saman

„Ég var ekki nema sextán ára þegar ég átti Herdís mína og reyndar ekkert mjög gömul heldur þegar ég eignaðist strákana, tuttugu og tveggja og tuttugu og fimm ára, en þar með var ég hætt barneignum. Kristinn minn á dóttur fyrir, sem er einu ári eldri en mín elsta. Hún gerði mig að ömmu fyrir sjö árum, en ári seinna átti mín dóttir son. Við Kristinn eigum engin börn saman, en við eigum barnabörnin saman!“

Við Dóra Björk spjöllum aðeins um Kristín Jónsson eiginmann hennar og hans nánustu á Ísafirði, en hann var á sínum tíma meðal skólanemenda þess sem þetta færir í letur. „Það var mikið lán fyrir mig að fá þetta góða fólk inn í mitt líf,“ segir hún. „Ég er alveg ofboðslega rík!“

Þau Kristinn eiga samtals fjögur börn og þrjú barnabörn. Elst þeirra er María Rut Kristinsdóttir. Hún hefur verið nokkuð áber-

andi í fjölmiðlum, fyrst og fremst þegar hún var formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands. María Rut á soninn Þorgeir Atla, sem er alveg að verða sjö ára. Hún býr í Reykjavík ásamt Ingileif unnustu sinni og syninum.

Herdís Mjöll dóttir Halldóru á tvo syni, Tristan Mána, fimm ára, og Eirík Natan, tveggja ára. Hún býr í Hafnarfirðinum ásamt drengjunum og Grétari Þór unnusta sínum. Á heimili Dóru og Kristins á Ísafirði eru síðan synirnir, þeir Þormóður, 18 ára, og Björn Dagur, 15 ára.

Eiríkur faðir barna Dóru er búsettur í Boston ásamt konu sinni og fór þangað í nám og starfar í sínu fagi þar. „Við vorum í „on-off“ sambandi frá því við vorum 14 ára“, segir Halldóra.

„Ég var í fyrsta bekk í Menntaskólanum á Ísafirði og átti Herdís um vorið í miðjum prófum. Ég náði að taka fyrsta og síðasta prófið, fyrir og eftir fæðingu. Svo tók ég annan bekkinn að mestu leyti og byrjaði þann þriðja en datt fljótt út. Stúdentsprófið klárði ég síðan loksins fyrir rúmum fimm árum.“

Óhemjudugleg strax sem barn

Dóra Björk var að vinna ein með barnið mestöll táningsárin.

„Já, en í rauninni var ég löngu áður komin út á vinnumarkaðinn. Ég byrjaði þrettán ára í Norðurtanganum, þar vann maður hverja frístund frá skólanum sem gafst og alveg þangað til ég var sextán ára. Ef það var nægur fiskur og maður var búinn snemma í skólanum, þá var hlaupið heim og skipt um föt og mætt í vinnu. Líka á laugardögum, og í jólafríum og páskafríum og allt sumaríð. Ég starfaði líka fyrir félagsþjónustu hér við heimilisþrif með skólanum þegar ég var um það bil fjórtán til sextán ára.“

Herdís Hübner móðir Halldóru segir að hún hafi alltaf verið óhemjudugleg og verið það strax sem barn. „Hún var dugleg að hjálpa til á heimilinu og passa bræður sína og fór að passa börn í vist líklega tíu eða ellefu ára.“

Eftir að Dóra eignaðist Herdís litlu vann hún fyrst hjá Óðni bakara með skóla, síðan á leikskólanum Hlíðarskjóli í smátíma, en svo fór hún í Gamla bakaríið og

var þar nokkuð lengi.

„Jafnframt vinnunni þar var ég að skúra og þrifa í Sjallanum og gerði það í nokkur ár. Maður vann svolítið mikið á þessum árum! Alltaf í bakaríinu frá morgni og til sex á kvöldin og líka suma laugardaga, og svo var maður að þrifa í Sjallanum föstudaga, laugardaga og sunnudaga þrjá-fjóra tíma í senn.“

– Þú hefur þá unnið með Ruth Tryggvason í Gamla bakaríinu ...

„Já, það var yndislegt. Hún var svo glettin og skemmtileg.“

Kom á fót og rak skólamötuneyti

Tvítug að aldri tók Halldóra Björk að sér að koma á fót og reka mötuneyti í Grunnskólanum á Ísafirði.

– Hvernig kom það til?

„Björg Baldursdóttir skólastjóri fékk mig til þess. Þetta var eitthvað í tengslum við verkefni fyrir atvinnulausar konur. Gallinn var bara sá, að það voru eiginlega engar atvinnulausar konur á svæðinu á þeim tíma, þannig að ég samdi við vinnuveitanda minn um að segja mér upp svo að ég gæti farið á atvinnuleysisráð og tekið þetta að mér.“

Halldóra hlær og kveðst ekki vita hvort hún megi segja frá þessu þó að langt sé um liðið.

„Þarna var um það að ræða að koma af stað mötuneyti fyrir unglingastigið í grunnskólanum. Mér leist vel á að vinna eitthvað sjálfstætt, ég átti að sjá um þetta að öllu leyti, fór bara á stutt næringarnámskeið áður og þurfti að leggja fram matseðil og slíkt.“

Þetta annaðist ég í samtals fimm ár. Það var alveg rosalega skemmtilegur tími og svolítið erfið að kveðja þetta starf. Eldhúsið var pínulítið og sameiginlegt fyrir mötuneytið og félagsmiðstöðina sem þá var enn þarna inni og krakkarnir borðuðu bara frammi á gangi þar sem voru bekkir og borð.“

Fundu loksins íbúð í sama húsi

Haustið 1994 þegar Halldóra hafði verið með mötuneytið í einn vetur flutti hún suður til ömmu sinnar.

„Amma bjó í Kópavoginum og ég hafði oft farið til hennar á sumrin. Þennan vetur var ég í

Menntaskólanum í Kópavogi þangað til verkfallið byrjaði á vorönninni. Þá voru heils vetrar annir í MK svo það voru ekki margar einingar sem ég uppskar þar. Ég tók saman við barnsföður minn í jólafríinu og meðan á verkfallinu stóð fluttum við í íbúð sem við leigðum í vesturbæ Kópavogs og námið fór norður og niður. Við fluttum aftur vestur um haustið og ég tók aftur við mötuneytinu í skólanum.

Við eignuðumst dreng 1996 og áttum von á öðrum þegar við ákváðum þrátt fyrir stormasamt samband að gifta okkur haustið 1998. Við fluttum svo suður nokkrum vikum seinna, og af hreinni tilviljun aftur í Kópavoginn. Við auglýstum eftir leiguíbúð og fengum íbúð þar. Svo ákváðum við að kaupa okkur íbúð og leituðum um allt höfuðborgarsvæðið og fundum loksins íbúð sem við keyptum – í blokkinni í Kópavogi þar sem við bjuggum! Þarna gerðist ég svo dagamma haustið 1999.“

Þá vissi ég að ég færi aldrei aftur burt

„Við hjónin skildum fimm árum seinna og ég ákváð að flytja aftur heim. Ég fékk far með flutningabíl vestur annan í jólum. Þegar ég fyllti flutningabílinn daginn áður hélt bílstjórinn að ég væri biluð. Með sex barnavagna og jafnmarga barnastóla! Honum var heldur létt þegar ég útskýrði fyrir honum að ég væri dagamma.“

Það var glærahálka alla leið vestur og í raun ekkert ferðaveður. Við lögðum af stað klukkan átta um morgun og vorum komin klukkan tvö næstu nótt! Það var blint mestallt Djúpið en þegar við komum fyrir Arnarnesið birti til, varð stjörnuþjart og Skutulsfjörðurinn aldrei falletgri!

Þá vissi ég að ég færi aldrei aftur burt. Húsið mitt, Sönderborg sem ég hafði keypt fyrir hálfvirði blokkaríbúðar í Kópavogi, beið með jólaaljósnum í öllum gluggum og öllum mínum nánustu á svæðinu þar inni, tilbúnum að bera allt inn. Sólarhring seinna voru allir hlutir komnir á sinn stað.“

Húfurnar undu upp á sig

Já, titill Dóru Bjarkar í síma-

skránni er „saumakona Dórukots“. Saumaskapurinn er spröttinn upp úr löngu starfi hennar sem dagamma. Dóra Björk var dagmóðir í tólf vetur, fyrst í Kópavoginum og síðan í Sönderborgarhúsinu á Ísafirði, og hafði saumað síðan hún var krakki. Fyrir jóln 2009 hannaði hún húfur og gaf daggæslubörnunum sín um og ungum ættingjum í jólagjöf. Viðbrögðin voru frábær, húfurnar reyndust enn betur en hún þorði að vona.

Síðan notaði Dóra reynslu sína af samveru við meira en hundrað ung börn og þekkingu á þörfum þeirra við að hanna fleiri vörur eins og vettlingahlífir, pollasokka, kerrusvuntur, regnplast og smekki. Við hönnun á öðrum vörum þar sem hennar eigin reynsla nýtist ekki hefur hún sótt í reynslubanka þeirra sem hafa hana á hverju sviði.

Daggæslan var kölluð Dórukot, og þar sem húfurnar eru upprunnar í daggæslunni ber framleiðslan sama nafn. Markmiðið var strax sett á að framleiða vörur sem eru úthugsaðar án þess að verða of flóknar og dýrar í framleiðslu. Yfirbygging er líka höfð í lágmarki, sem og auglýsingakostnaður, svo að mögulegt sé að halda vöruverði lágu þrátt fyrir að þetta sé allt framleitt á Íslandi.

Þegar vefur Dórukots er skoðaður blasa við nánast óteljandi vörutegundir, að manni finnst.

Hannar allt og saumar allt sjálf

– Ekki saumarðu þetta allt sjálf?

„Jú, allt sem er inni á vefnum er eftir mig. Ég hanna þetta allt og sauma þetta allt. Ég byrjaði með þetta í hruninu. Þá var andinn sá að kaupa sem minnst að utan og gera sem mest hérna heima, og það var stefnan hjá mér að gera þetta sjálf. Það geri ég enn og vinn við það allan daginn og dugir stundum ekki til.“

Svo vinn ég núna með menntuðum klæðskera í búðinni okkar Klæðakoti við Silfurtorg, Önnu Jakobínu, sem gerir alls konar flotta hluti.“

– Hvernig kom ykkar samstarf til?

„Það var nú svolítið ævintýrlegt. Þegar ég hætti með daggæsl-



una og fór að vinna við þetta ein hérna heima, þá var meira en að segja það að vinna einn heima og fara aldrei neitt út. Maður varð hreinlega hálfpartinn þunglyndur, það komu dagar þegar ég nennti ekkert að vinna. Reyndar voru aðrir dagar þegar maður var duglegur, en það dugði bara ekki til.“

Mjög snögg og svolítið bilað
„Þess vegna ákvað ég einn daginn að leigja mér aðstöðu til að sauma og fá einhvern til að nota hana með mér. Svo auglýsti ég hvort það væri ekki einhver sem vantaði aðstöðu. Anna Jakobína hafði samband og við töluðum svo saman daginn eftir, við þekktumst ekki neitt, og við ákváðum bara á korteri að kýla á þetta. Fórum seinni partinn og skoðuðum húsnæði. Þetta var mjög snögg og svolítið bilað, með manneskju sem maður þekkti ekki neitt.

Fyrsta eitt og hálfa árið vorum við með Klæðakat í leiguhúsnæði í Málarábökkinni hjá Sæmundi. Svo keyptum við húsnæðið þar sem við erum núna við Silfurtorgið, græjuðum það með mönnunum okkar og fluttum inn í september í fyrra eða fyrir rétt rúmu ári.“

– Hefur saumaskapurinn og salan gengið samkvæmt væntingum?

„Burtséð frá peningum gengur þetta alveg stórkostlega! Við verðum ekkert feitar af þessu, en þetta er skemmtilegt og þetta er að virka eins og við vildum. Það er mikið líf í kringum þetta, við erum með námskeið og þrjónaklúbba og fólk er að koma inn allan daginn. Manni leiðist ekki eitt augnablik.“

Farin að kunna flest pósthúsnúmer landsins
– Og svo ertu líka með pósthúsnúmer ...
„Já, ég er með netverslun fyrir

Dórukot.“
– Hvernig plumar hún sig?
„Mjög vel, það er stöðug traffík. Eins og núna á haustin er alltaf vitlaust að gera og allt upp í tveggja vikna biðtími eftir vörum frá mér. Svo róast þetta þegar nær dregur jólum, en síðan kemur aftur törn á vorin. Þess á milli reyni ég að vinna upp lager.“
Dóra segir að viðskiptavinir netverslunarinnar séu að langmestu leyti hérlandis en líka örlítið í öðrum löndum, aðallega Norgei og Danmörku.

Hjálpað handan
Úr því að hér var áður sagt ofurlítið frá Sönderborgarhúsinu gamla í Miðkaupstað, þá má nefna til gamans, að Anna Jakobína samstarfskona Dóru á húsið að Hrannargötu 1 á Ísafirði og býr þar. Hús þetta er nefnt Finnþjörnsbú, en þar bjó á sínum tíma ásamt fjölskyldu sinni Finnþjörn Finnþjörnsdóttir málari, langafi Halldóru.

„Ég er svo trúuð á forfeðurna að ég er alveg viss um að langafi hefur sent mér hana Önnu Bínu. Ég er alveg viss um að fólk er að hjálpa mér að handan.

Eins er það með Amsterdam [Sundstræti 21], gamla húsið hennar Þorbjargar Líkafróns, þar sem ég bjó fyrstu þrjú árin eftir að ég átti Herðísi, alveg við hliðina á mömmu og pabba. Mörgum árum seinna kaupir Kristinn minn þetta hús og gerir það upp. Ég fékk að skoða það og þannig kynnumst við fyrst.

Ég er alveg viss um að Þorbjörg hefur átt þátt í því að meira var úr þeim kunningskap. Hún var góð vinkona mín og ég heimsótti hana oft, sat oft hjá henni á kvöldin.“

Já-árið 2014
– Hefurðu yfirleitt einhvern tíma fyrir tómstundir, fyrir eitt-

hvað sem er allt öðruvísi en saumaskapur og þvíumlíkt?
„Já, svo sannarlega. Þetta ár er búið að vera já-árið mitt. Ég ákvað um síðustu áramót að nú skyldi ég fara að gera alls konar hluti sem ég hefði aldrei þorað eða gefið mér tíma til. Síðan er ég búin að gera alveg fullt af nýjum hlutum og alveg rosagaman, svo sem farið á gönguskíði og bretti. Við hjónin keyptum okkur fjallahjól og búin að hjóla rosamikið, erum núna með algjöra hjóladellu. Ég fer líka mikið í gönguferðir með vínafólki, hvort heldur er á Hornstrandir eða bara hérna í kring.
Við reynum líka að fara til útlanda á hverju ári og núna fórum við Tyrklands í fyrsta sinn. Annars höfum við mest farið til Spánar. Þess vegna er áletrun á spænsku innan í giftingarhringunum okkar. Við keyptum þá á Spáni og þegar átti að grafa letrið var auðvitað vandamál með þ og ð. Þess vegna ákváðum við að hafa þetta bara á spænsku því að Spánn á svo mikið í okkur.“

Á erfitt með að fara eftir uppskriftum

En ég sauma líka mikið í frístundum! Fatnað þá aðallega, kápur, kjóla, buxur og fleira slíkt. Ég hef líka gaman af allri annarri handavinnu sem ég sinni fyrir framan sjónvarpið.

Líka hef ég mjög gaman af því að elda og gef mér oft góðan tíma í það, en í öllu þessu á ég verulega erfitt með að fara eftir uppskriftum! Þarf alltaf að breyta svo mörgu að ég enda með eitt-hvað allt annað en uppskriftin eða sniðið var fyrir.

Við hjónin höfum mjög gaman af sjónvarpssglápi, þá sérstaklega raunveruleikabáttum (Dóra hlær afsakandi) en líka góðum þáttaseríum.

Í sumarfríum og jólafríum er svo legið stíft yfir bókum. Held samt að Öddi bróðir [Eiríkur Örn

Norðdahl rithöfundur] hafi fengið mestallan bókmenntaáhugann.“

34 ára amma
– Hvernig var að verða amma svona ung, aðeins 34 ára gömul?
„Alveg yndislegt! Maður á kannski ekki að segja það hátt, en mér fannst líka yndislegt að verða svona ung móðir. Auðvitað var það erfitt fjárhagslega, en að vakna á nóttunni við barnið og fara út á róluvöll og leika og allt þetta, það var svo lítið mál á þeim tíma og kom allt af sjálfu sér.
Þegar ég á svo næsta barn sex árum seinna, þá var þetta allt einhvern veginn erfiðara. Ég vissi ekki einu sinni hvernig ég átti að halda á barninu. Svo eignaðist ég þriðja barnið og það var allt saman ennþá erfiðara,“ segir Halldóra og hlær.

„Núna koma svo barnabörnin í heimsókn yfir helgi og maður þarf vikuna til að jafna sig!“ bætir hún við og hlær ennþá meira; auðséð að henni leiðast ekki þær heimsóknir.

„Mér finnst æðislegt að vera svona ung amma. Vildi bara að barnabörnin byggju aðeins nær okkur. Það er frábært að hafa orkuna og ungan aldur til að geta notið þess að vera með lítil börn. Svo er aldrei að vita nema ég eigi eftir að verða ung langamma!“

Frumkvöðullinn og Íslandsmeistarinn Birna Norðdahl

Þess má geta, að Birna Eggertsdóttir Norðdahl, helsti frumkvöðull kvennaskákar hérlandis, var afasystir Halldóru. Hér undir lokin á þessu viðtali verður tækifærið notað og skotið inn kafla til að minnast aðeins þeirrar stórmerku frænku Dóru Bjarkar.

Birna sem fædd var árið 1919 lærði ung mannganginn af bróður sínum, en fyrsta skákmótið sem hún tefldi á var Skákþing Reykjavíkur árið 1940. Þátttaka konu á skákmóti vakti mikla athygli á þeim tíma. Mjög löngu seinna

eða árið 1975 var Birna meðal stofnenda kvennadeildar Taflfélags Reykjavíkur.

Það var svo 1978 sem íslenskar skákkonur kepptu á Ólympíuskákmóti í fyrsta sinn. Í ítarlegri samantekt um ævi og skákferil Birnu E. Norðdahl í Tímaritinu Skák árið 2002 segir, að það hafi verið „fyrst og fremst elju og áræði Birnu að þakka, sem gekkst fyrir fjársöfnun í því skyni. Birna mætti síðan á fund hjá stjórn Skáksambands Íslands og afhenti 1.200.000 krónur sem verja skyldi til þátttöku skáksveitar kvenna á Ólympíuskákmóti í Buenos Aires í Argentínu. Þetta var leikur sem eingöngu var eitt svar við – kvennasveit á Ólympíumóti var staðreynd.“

Birna tefldi á sjö Íslandsmótum kvenna samfleytt á árunum 1975-81 og varð Íslandsmeistari 1976 og 1980. Hún var þannig komin hátt á sextugsaldur og yfir sextugt þegar hún hlaut Íslandsmeistaratitlana og verður það að teljast mjög athyglisvert í keppni við ungar og öflugar skákkonur. Reykjavíkurmeistari varð hún árið 1976. Hún tefldi á Ólympíumótunum í Argentínu 1978 og á Möltu 1980 – og var þá ekki aðeins margföld amma heldur var hún líka orðin langamma. Spyrja má varðandi þetta síðasta: Heimsmet – sem aldrei verður slegið?

Og hér er ég í dag ...
„Eftir að ég flutti aftur vestur hef ég blómstrað,“ segir Dóra. „Strax fyrsta árið tókum við Kristinn maðurinn minn saman og hófum sambúð og fórum fyrstu Spánarferðina. Haustið 2006 hóf ég fjarnám gegnum Verkmenntaskólann á Akureyri, tók nú einingar á önn og kláraði það sem ég átti eftir á þrem árum og útskrifaðist frá Menntaskólunum á Ísafirði.
Þegar Valur bróðir útskrifaðist á sínum tíma voru mæður þeirra sem höfðu útskrifað þrjú börn

Sælkeri vikunnar er Eygló Jónsdóttir á Ísafirði

Tvírittuð neyslu viðmiðunarmáltíð

Í tilefni af umræðu síðustu vikna um neysluviðmiðun, upp á 248 kr. á mann, langaði mig að koma með tvær uppskriftir fyrir fjóra til sex sem eru alveg örugglega töluvert undir viðmiðunum auk þess að tengjast slátturtdínni. Þetta eru hvort tveggja réttir í miklu uppáhaldi í fjölskyldunni minni. Það er samt gott ráð að halda því leyndu fyrir neytendum hvað grauturinn heitir þar til þeir eru komnir á bragðið. Ég ólst upp við að hann væri kallaður „heitur súkkulaðibúðingur“ í eyru þeirra sem vissu ekki hvað þetta var og rann hann þá ljúflega niður enda er þetta mjög bragð-

góður grautur og hollur.

Lifrabuff
1 lifur
4 kartöflur (meðal stórar)
1 laukur
1 egg
Salt og pipar
Lifrin er hreinsuð vel, tekið utan af kartöflunum og lauknum og allt hakkað saman. Eggi bætt út í hrært vel. Deigið er frekar þunnt en þykkar við steikingu. Sett á pönnu með ausu þannig að hvert buff verði á stærð við hamborgara. Saltað og piprað. Það er mjög gott að steikja lauksneiðar og borða með þessu ásamt kartöflumús og grænmeti.

Blóðgrautur
4 dl. vatn
5 dl. mjólk
1/2 bolli blóð
Hveiti
Salt
Rúsínur
Kanelsykur
Vatn og mjólk soðið. Blóð og hveiti hrist saman og hellt varlega saman við. Salt, rúsínur og kanelsykur sett út í. Soðið í 10 - 15 mínútur. Borið fram með mjólk (eða rjóma ef maður vill gera vel við sig).
Ætla að skora á Sigríði Ingu Sigurjónsdóttir dýralækni að vera næsti sælkeri vikunnar.





Halldóra fyrir framan heimili sitt, Sönderborgarhúsið svokallaða á Ísafirði, Aðalstræti 12.

heiðraðar í útskriftarveislunni í Menntaskólanum. Þá hnippi pabbi í mig og sagði að ef ég hefði útskrifast væri mamma ein þeirra.

Þetta var bak við eyrað á mér þessi þrjú ár og þegar ég útskrifaðist var því markmiði náð. Mamma var heiðruð sem ein þeirra mæðra sem höfðu útskrifað

þrjú börn frá Menntaskólanum á Ísafirði. Það skipti mig máli.

Svo urðu húfurnar mínar til og eitt leiddi af öðru.

Og hér er ég í dag, með saumaverkstæði, netverslun og hannyrðaverslun ásamt góðri vinkonu. Lífið er dásamlegt.“

Viðtal: Hlynur Þór Magnússon.



Fyrsti ostur Örnur kominn í verslanir

Vörubróun mjólkurvöruframleiðandans Örnur ehf., í Bolungarvík heldur áfram og nú er kominn fetastur í hillur verslana. Það tók marga mánuði að þróa ostinn. Síðasta vetur hófust Örnurmenn handa við að búa til laktósafrían fetast og fyrstu ostateningarnir litu dagsins ljós um páskana en hann stóðst ekki væntingar svo síðustu mánuðir hafa farið í að finnstilla framleiðsluferlið. „Við erum mjög ánægð, búin að stefna að þessu síðan í vor og fólk var farið að bíða óþreyjufullt eftir honum,“ segir Hálfán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnur. Fetasturinn sem er kominn í verslanir er í kryddlegi en fljótlega verður hann einnig til í ókrydduðum saltlegi.

Hálfán segir annar ostur sé ekki væntanlegur á næstu mánuðum. Aðspurður hvort til standi að framleiða brauðosta segir hann að það sé ekki á dagskránni. „Við ætlum að halda okkur við ferskosta og erum að velta fyrir okkur að framleiða kotasælu en það kemur bara í ljós,“ segir Hálfán. Framleiðsla hjá Örnur hefur tekið mikinn kipp undanfarnar vikur. „Eins og staðan er núna þá fullnýtum við alla mjólk á norðanverðum Vestfjörðum og erum að fá mjólk frá Búðardal. Patreksfjarðarbíllinn kemur í Búðardal og við fáum mjólk þaðan, þannig að við erum að fá mjólk frá sunnanverðum Vestfjörðum líka,“ segir Hálfán.

– smari@bb.is

Ert þú búin(n) að tryggja þér pláss í 30 ára afmælisblaði BB sem kemur út 13. nóvember?

Hafið samband við Gústaf í síma 456 4560 eða á auglysingar@bb.is

Ert þú bókaormur?

Starfskraftur óskast í Eymundsson á Ísafirði

Starfssvið:

Penninn Eymundsson óskar eftir starfsmanni til að hafa umsjón með bókadeild verslunarinnar í Hafnarstræti 2. Um er að ræða umsjón með íslenskum og erlendum bókum, tímaritum, skólabókum, tónlist og ferðamannavörum.

Um fullt starf er að ræða og er vinnutíminn frá kl.9-18 alla virka daga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af afgreiðslustörfum
- Rík þjónustulund og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Brennandi áhugi á bókum og gott auga fyrir útstillingum
- Góð almenn tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur

Áhugasamir vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á atvinna@eymundsson.is fyrir 6.nóvember nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Erfitt að losna við listabakteríuna

Dýrafjörður er um margt merki-
legur og ekki bara fyrir það að
þangað falli öll vötn. Fjallahring-
urinn um fjörðinn er ákaflega
fagur og ekki skýtið að lista-
maðurinn Kári Eiríksson skuli
velja sér þar búsetu. Kári á langan
og merkilegan feril að baki. Hann
lærði í Myndlistar- og handíða-
skóla Íslands og lagði síðan leið
sína í Konunglegu listaakademí-
una í Kaupmannahöfn, en þar
hafa margir góðir Íslendingar

menntað sig. Kári lærði líka í
Listaakademíunni í Flórens og
dvaldi svo bæði í Mexíkó og New
York. Fyrsta myndlistarsýning
Kára var í húsi Dantes í Flórens
1958 og árið eftir sýndi hann í
Listamannaskálanum í Reykjavík.

Þegar Salthúsið á Þingeyri
opnaði 3. október voru verk Kára
sýnd. Sýningin bar nafnið Októ-
ber 2014 og innihélt bæði yngri
og eldri verk, þau yngstu frá ný-
liðnu sumri. „Sýningin var í viku,



Kári Eiríksson myndlistarmaður í Dýrafirði.

það var verið að vígja húsið,“
segir Kári. „Það er ekki önnur
sýning á döfinni og ég er ekki að
mála núna því það er svo léleg
birta. Ég nota dagsbirtuna svo ég
mála bara á vorin og sumrin og
haustin. En þetta hangir alltaf yfir
manni og er alltaf með manni.“

Þegar BB var að spjalla við
Kára barst talið um víðan völl.
Meðal annars um það hvernig
skriftir væru sköpun líkt og list-
málun og hversu nauðsynlegt það
er að vera skapandi í umhverfinu
og sýningarstöðum, og fá fólk í
lið með sér. Fólk yrði að fá val
um hvað það vill sjá í stað þess
að láta bara sjónvarpið matreiða

efni ofan í sig. „Passaðu þig á
því að fá ekki listabakteríuna,“
varaði Kári blaðamanninn við.
„Þegar maður er einu sinni húkt
þá losnar maður nefnilega aldrei
við hana. Þetta hangir alltaf yfir
manni þó maður sé ekki að mála.
Maður er alltaf í þessu því þetta
snýst um að vera á réttum stað á
réttum tíma. Og það er svo gaman
að vera í þessu. Það er alltaf betra
að reyna jafnvel þó útkoman
verði ekki fullkomin. Það er ekk-
ert fullkomið og ég er til dæmis
aldrei ánægður.“

Margir listamenn þekkja lík-
lega þessa tilfinningu því það er
erfitt að vita hvenær verk er til-

búið. Það er alltaf hægt að breyta
og bæta og kúnt að þekkja hve-
nær lokapunktinum er náð. Þegar
blaðamaður spurði hvort það væri
möguleiki að heimsækja Kára hló
hann við og sagðist ekki vera
með neitt gallerí eða fint stúdíó.
„Ég er nú bara í bílskúr, þetta er
svona sveitalubbastúdíó,“ sagði
þessi skemmtilegi listamaður.
„Þetta er ekkert stúdíó í New
York“ sagði hann og hló enn
meira. „Engin tónlist eins og í
New York en það er bara að opna
gluggann og hlusta á fuglasöng-
inn, svoléiðis fínerí bara. Vantar
bara smá foss hérna fyrir utan þá
er músíkin komin.“ – *sfg@bb.is*



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
Léttar • Sterkar • Traustar

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

Ísnet Húsavík • s. 5 200 555
Ísnet Akureyri • s. 5 200 550
Ísnet Sauðárkrúkur • s. 5 200 560
Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565



ÍSFELL
www.isfell.is

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is

Lögregla, byssur, lækningar og fréttir

Margt er í fréttum um þessar mundir. Umræðan um vopnaburð lög-
reglu, vopnaflutning frá Noregi og að almennir lögreglumenn, sem
eitt sinn báru hið skemmtilega, jákvæða og lýsandi heiti lögreglu-
þjónar, muni nota byssur við dagleg störf hefur farið hátt í fjölmiðlum.
Fyrir fákunnandi verður vart annað skilið en að framtíðin hljóti að
verða sú að lögreglumenn gangi um götur veifandi vélbyssum og oti
þeim að almennum borgurum. Helst er að skilja að þannig verði um-
ferðarsektir innheimtar þegar fjölmiðlar ræða við forystumenn í sam-
félaginu. Skiljanlegt er að margir hafi af þessum meinta vopnaburði
almennra lögreglumanna við dagleg störf þungar áhyggjur. Hvergi
hefur komið fram að ætlunin sé að breyta þeim hætti sem viðhafður
hefur verið frá upphafi að lögregla sé óvopnuð á almannaferi. Því
frekar er frétttaflutningur fjölmiðla undarlegur. Helst mætti halda að
fréttamenn væru að leita sér að „bombu“ til að varpa fram og ná at-
hygli. Hvers vegna það gæti verið er með öllu óskiljanlegt.

Mætur bæjarstjóri, nú Hafnarfjarðar en áður Ísafjarðar, lét eftir sér
hafa að honum hugnaðist ekki að lögreglumenn gengju um götur
Hafnarfjarðar sveiflandi vélbyssum. Enginn getur láð honum það.
Enginn vill slíkt. Hvergi hefur heldur komið fram að slíka hegðun
eigi að taka upp. Um leið og tekið er undir orð hans í þessa veruna þá
verður ekki hjá því komist að velta fyrir sér hvað veldur þessu fari í
íslensku samfélagi. Á sama tíma upplýsir yfirlögregluþjónn á Ísafirði

að lögreglan þar geymi skotvopn í lögreglubifreiðum. Að sjálfsögðu
hlýtur það að vera gert með þeim hætti að þau séu þar vel varin. Nokkur
önnur lögregluembætti munu hafa skotvopn í bílum. Rökin eru þau
sömu og varða Ísafjarðarlögregluna, miklar fjarlægðir í umdæmi og
fáir lögreglumenn. Samt hefur ekki verið efnt til mótmæla við lögreglu-
stöðina á Ísafirði líkt og í Reykjavík.

Það sem vekur enn meiri athygli er að fréttamenn íslenskir hafa ekki
sagt mikið frá því að almenningur á Íslandi muni eiga um 60 þúsund
skráð skotvopn, sem aðalega munu vera geymd á heimilum fólks. Þau
verða nú mörg munduð til að skjóta rjúpur og eru gjarna notuð til þess
að skjóta aðra fugla og hreindýr. Mjög er rætt um af hálfu fréttamanna
að nú sé að verða stílbrot á hinu friðsama Íslandi. Ekki er minnst einu
orði á ofbeldið sem viðgengst í umferðinni, en bílar eru ein hættulegustu
vopn sem almennir borgarar eiga aðgang að og refsingar fyrir manndráp
af svokölluðu gáleysi eru vægar þótt ofbeldismaðurinn hafi verið ölv-
aður eða útúrdopaður. Ekki er minnst einu orði á hnífæign á almennum
heimilum, sem of oft eru notaðir til voðaverka og stundum manndráps.

Eftir orðræðu undanfarinna daga er margt skynsamt fólk alveg
gátað og á sama tíma forviða á því hve verkfall lækna og ástæður þess
og úrlausnir hljóta litla umfjöllun.

Það er vart furða þótt sumir greini ekki af fréttum hver þau mál eru
sem skipta miklu fyrir þjóðina.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað viku-
lega pistla í **Bæjarins
besta** í mörg ár. Skoð-
anir hans á mönnum
og málefnum hafa oft
verið umdeildar og vak-
ið umræður. Þær þurfa
alls ekki að fara saman
við skoðanir útgefenda
blaðsins. Þrátt fyrir það
bera ábyrgðarmenn
blaðsins ábyrgð á skrif-
um **Stakks** á meðan
hann notar dulnefni sitt.



Framkvæmdir við Eyri hófust fyrir ári.

Eyri fer í rekstur á næsta ári

Fjárheimildir eru tryggar til reksturs hjúkunarheimilisins Eyrar á Ísafirði. Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, sagði í samtali við BB að ekki væri króna til rekstursins í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Margrét Erlendsdóttir, upplýsingafulltrúi velferðarráðuneytisins, segir Eyri komi til með að leysa af hólmi rými á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði. „Rekstrarheimildir vegna rýma sem þar eru verða fluttar yfir á Eyri þegar nýja heimilið verður tekið í notkun og slík tilfærsla var forsenda ákvörðunar um byggingu hjúkunarheimilisins Eyrar,“ segir Margrét.

Hún segir að Eyri fari í rekstur um leið og húsið verður

tilbúið, en bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ vonast til að það verði um mitt næsta ár. Aðspurð um samningarviðræður Ísafjarðarbæjar og heilbrigðisráðuneytisins um rekstur Eyrar segir hún að þær séu byrjunarstigi.

„Ég hef ekki séð neitt um þetta ennþá. Í fjárlagavinnu fyrir næsta ár var rekstur Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða óbreyttur,“ segir Þröstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Hann segir að ráðuneytið og Ísafjarðarbær verði fyrst að semja sín á milli um rekstur hjúkunarheimilisins áður en Heilbrigðisstofnunin komi að málunum. Á sjúkrahúsinu á Ísafirði eru 19 hjúkunar-rými en á Eyri verða þau 30.

– smari@bb.is

Ekki króna til reksturs Eyrar

Ekkert fjármagn er til reksturs hjúkunarheimilisins Eyrar á Ísafirði í fjárlögum ríkisstjórnarinnar. „Það var ekki króna til rekstursins þegar frumvarpið var lagt fram. Ég hef ekki fengið það staðfest skriflega en ég spurði starfsmenn heilbrigðisráðuneytisins og þeir sögðu nei, þannig að mér vitandi fer ekki króna til Eyrar á næsta ári,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar. Fyrir þremur árum var undirritaður samningur milli Ísafjarðarbæjar og heilbrigðisráðuneytisins um leigu ríkisins á húsnæðinu.

„Ríkið er skuldbundið til að leigja húsið þegar Framkvæmdasýsla ríkisins segir að húsið sé tilbúið og við erum að vonast til að það verði í júní á næsta ári og þá þarf ríkið að greiða leigu en það er ekki búið að semja um rekstur á hjúkunarheimilinu og það er víðar en bara hér, það er ekki búið að semja í Reykjanæsbæ og Garðabæ,“ segir Gísli Halldór.

Samningur um rekstur Eyrar verður milli heilbrigðisráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar. Bænum er heimilt að framselja samninginn og segir Gísli Halldór að bæjaryfirvöld sjái fyrir sér að hann verði framseldur til Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða en hann segir að bænum sé heimilt að framselja samninginn til einkaaðila. Gísli Halldór segir að þrátt fyrir að ekki sé gert ráð fyrir rekstri Eyrar í fjárlögum þá telji hann að ráðuneytið hafi fé til umræða til að greiða húsaleigu þegar húsið klárast á næsta ári.

– smari@bb.is

Skipulagslýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Vesturbyggðar og breyting á deiliskipulagi

Um þessar mundir er sveitarfélagið Vesturbyggð að vinna að breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Viðfangsefni breytingarinnar er að breyta afmörkun á íbúðarsvæði á Bíldudal við Lönguhlíð og stækka það nokkuð á kostnað opins svæðis sem er vannýtt en einnig lagfæring á landnotkunarreit V4 á Patreksfirði en hann er stækkaður miðað við núverandi ástand.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að auka við lóðaframboð innan byggðar á Bíldudal. Talsverð vöntun er á íbúðarhúsnæði nú þegar á Bíldudal og lítið af lóðun til uppbyggingar. Horft er á að reyna að þetta núverandi byggð og nýta þannig núverandi innviði betur og þar með talið komast hjá auknum kostnaði við nýja vegi og lagnir. Unnið er að deiliskipulagi fyrir svæðið sem verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni þegar hún verður auglýst.

Gerð er breyting á svæði V4 á Patreksfirði. Svæðið er stækkað til austurs að íbúðarsvæði en fyrirhugað er að reisa sjálfsafgreiðslustöð á svæðinu ásamt bættri og stærri aðkomu fyrir Aðalstræti 62. Gæta skal við hönnun svæðisins að það falli sem best að umhverfinu undir brekkunni. Svæðið er 0,13 ha í gildandi aðalskipulagi en verður eftir stækkun 0,34 ha. Grenndarkynning mun fara fram á fyrirhuguðum breytingum og stækkun á lóðinni sem verður auglýst á aðalskipulagsbreytingunni.

Skipulagslýsingin mun hanga uppi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63 á Patreksfirði en einnig verður auglýsingin birt á heimasíðu Vesturbyggðar sem og á Facebooksíðu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar auglýsir einnig hér tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir snjóflóðavarnir við Búðargil skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felur í sér að skipulagsmörk hliðrast til og svæðið minnkar um 2000 m². Mörkin færast meðfram veginum, ofan við Lönguhlíð 7-12. Bílastæði og dvalarsvæði falla niður. Stærð svæðisins eftir breytingu er 7,8 ha.

Breytingatillagan verður til sýnis á tæknideild Vesturbyggðar að Aðalstræti 75 frá og með þriðjudeginum 28. október til 10. desember 2014. Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 10. desember 2014. Skila skal athugasemdum á bæjar-skrifstofur Vesturbyggðar, Aðalstræti 63.



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð, 24. október 2014
Óskar Örn Gunnarsson,
skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.

Lausn á síðustu krossgátu

				G		A			D	
				F	L	U	T	T	U	R
				Æ	M	T	I		I	H
Jón Steingr.				S	T	A	F	L	A	T
	Á	L	Í	T	A		Á	R	U	I
H	R	Ó	S	A		H	R	Æ	Ð	A
	N	M	A	U	S	N		Ð	Á	Á
	A	U	K	R	E	I	T	I	S	O
G	E	R		A	R	K	A		J	Ó
	L	Ú	S		K	A	L	K	Ú	N
	S	T	Æ	L	U		A	R	K	A
T	A	K	M	A	R	K		A	R	A
	U	D	U		A	M	M	A	N	
D	Æ	L		M	U	R	Ö	B	G	E
	S	N	Ú	I	N		K	Ú	A	L
S	T	U	F		N	A	U	Ð	U	N
	A	Ð		H	A	R	M		M	A

Sudoku prautir

			9	8		2		1
5		8			6	3	9	
7	9		3			8		
9				1			5	
	3		8	4	2		1	9
2	1		7	5	9	6		8
4	7	9						3
	5			9				
		2	5		8	9	4	

	3		6	2				
9	1							
2				5		7		
		6					8	1
				3			9	2
		8	4	1	2			7
				9	1			
	5	3		4		8		9

HG kaupir Nauteyri

Sveitarfélagið Strandabyggð hefur samþykkt kaupsíðboð Hraðfrystihússins - Gunnvarar hf. í jörðina Nauteyri í Ísafjarðardjúpi. Tilboðið hljóðar upp á 30 milljónir króna. HG á fiskeldisstöð að Nauteyri og hefur verið með starfsemi þar í 14 ár. Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG, segir fyrir séð að fyrirtækið fari í miklar og dýrar framkvæmdir á Nauteyri fái það fiskeldisleyfi í Djúpinu, en umsókn HG hefur verið til umfjöllunar hjá stjórnarsýslunni í þrjú ár.

HG hefur verið með langtímaleigu á landi á Nauteyri og segir Einar Valur að ein forsenda þess að fara út í dýrar framkvæmdir er að þær verði á eignarlandi en ekki leigulandi. „En allt byggir þetta á því að við fáum eldisleyfi,“ segir Einar Valur.

Höfnin hækkar gjaldskrána

Gjaldskrá hafna Ísafjarðarbæjar hækkar um 3,4% um áramótin. Aflagjald verður óbreytt, 1,58% og það fylgir verðmæti afla sem skip landa. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir hækkunina leiðréttingu á verðbólgu þessa árs. Hafnarstjórn hefur falið Guðmundi að leita leiða til að einfalda gjaldskrána. Hann segir að í gjaldskránni séu ýmsir liðir sem hægt er að einfalda og gera aðgengilegri og skiljanlegri.

„Það er langt síðan það hefur verið gert og kominn tími til. Það er ekki verið að tala um nýja gjaldaliði heldur að sameina liði. Viðskiptavinir hafnarinnar munu ekki finna fyrir nýjum gjöldum,“ segir Guðmundur.

Jón Hálfán nýr þjálfari BÍ/Bol

Jón Hálfán Pétursson hefur verið ráðinn þjálfari BÍ/Bolungarvíkur í 1. deildinni en hann hefur þjálfað yngri flokka félagsins í mörg ár. Jón Hálfán skrifaði undir þriggja ára samning við BÍ/Bolungarvík. Hann tekur við af Jörundi Áka Sveinssyni sem hefur stýrt BÍ/Bolungarvík undanfarin þrjú tímabil. Nigel Quashie verður Jóni til aðstoðar en hann hefur spilað með BÍ/Bolungarvík síðustu tvö keppnistímabil.

smáar

Til sölu eru mjög vönduð og fallæg peysuföt, saumuð af Hildi Rönskjær árið 2009 úr úrvals-efnum. Hægt er að víka fötin og sikkna pilsíð. Mjög lítið notuð og alveg óslitin. Upplýsingar í síma 698 5314 (Hjördís).

Þjónustuauglýsingar

JAKOB VALGEIR EHF
Grundarstíg 5
415 Bolungarvík
450 7700

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Öll almenn húsmíði

Bolungarvík
456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Umboðsaðili fyrir **GLERBORG**

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is

VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

VESTFJARÐA ehf

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

BÍLAVERKSTÆÐI SB

SINDRAGÖTU 3
SÍMI: 456-3033

SMURSTÖÐ
VARAHLUTAVERSLUN
HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS OG JARÐAR

GÚTTÓ ehf
Sílfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

HG HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- spálfrætt nýttung stjórnaðlunda

Heitasta sumarfríð 2015

Vikulegt flug
frá 21. maí til 24. september 2015
með glænýjum Airbus vélum.

Mallorca

Sparaðu allt að **100.000 kr. ***
með því að bóka fríð
fyrir 20. nóvember.



Royal Playa de Palma

★★★★

Verð frá 106.300 kr. *

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til og með 11 ára,
í íbúð með 1 svefnherb. 11. júní í 7 nætur, án fæðis.

* Verð með bókunarafslætti. Verð án afsláttar: 116.300 kr.

Verð frá 123.400 kr. *

Á mann m.v. 2 fullorðna í herb. 11. júní í 7 nætur, með morgunverði.

* Verð með bókunarafslætti. Verð án afsláttar: 133.400 kr.



VIVA Sunvillage, Alcudia

★★★

Verð frá 99.900 kr. *

Á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja til og með 11 ára,
í íbúð með einu svefnherb. 11. júní í 7 nætur, án fæðis.

* Verð með bókunarafslætti. Verð án afsláttar: 109.900 kr.

Verð frá 105.200 kr. *

Á mann m.v. 2 fullorðna í herb. 11. júní í 7 nætur, án fæðis.

* Verð með bókunarafslætti. Verð án afsláttar: 115.200 kr.

*Bókunarafsláttur er 10.000 kr. á mann á viku og 20.000 kr. ef dvalið er í 2 eða 3 vikur. 5 manna fjölskylda X 20.000 kr. = 100.000 kr.

*Innifalið: Flug og gisting samkvæmt ofangreindu. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald. Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.



Vertu vinur VITA á Facebook
www.facebook.com/vitaferdir

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Skógarhlíð 12
Sími 570 4444



VITA er lífið